



Að sýna virðingu í verki

Samstarf nemenda og stuðningsfulltrúa

Freyja Haraldsdóttir



Efnisyfirlit

- Formáli 3
- Ég sjálf 4
- Með hjartað á réttum stað 6
- Að nota hjólið 7
- Samskipti 8
- Næstbestu sérfræðingarnir 9
- Nemandinn er besti leiðbeinandinn 10
- Að vera talsmaður 11
- Þátttaka í daglegu lífi 12
- Stuðningsfulltrúi er ekki kennari 14
- Móðurfulltrúar afþakkaðir 15
- Gleymast nemendur með sérþarfir? 16
- Stuðningsfulltrúi – er það allt og sumt? 17
- Stuðningsfulltrúi er ekki frimerki 18
- Að sýna virðingu í verki 19

Þessi handbók er unnin með styrk úr Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur undir handleiðslu Dóru S. Bjarnason og Hrafnhildar Ragnarsdóttur. Vil ég þakka þeim frábært, hvetjandi og lifandi samstarf.

Freyja

Teikningar eru eftir Sigrúnu Eldjárn.

Formáli

Þessu bókarkorni er ætlað að vera verkfæri í höndum fatlaðra skólanema, á öllum skólastigum, sem þurfa aðstoð við athafnir daglegs lífs svo þeir geti tekið þátt í leik og starfi almennra skóla. Fatlaður nemandi getur nú rétt aðstoðarfólki sínu, kennurum og samnemendum þetta verkfæri og sparað sér og sínum mörg orð, misskilning og jafnvel sársauka.

Höfundurinn, Freyja Haraldsdóttir, hefur sjálf viðtæka reynslu af því að taka með stuðningi virkan þátt í skóla og samfélagi. Þá hefur hún unnið við að styðja barn með sérþarfir á leikskóla. Freyja hefur líka vakið verðskuldaða athygli fyrir fyrirlestraherferð sína sem hún nefnir *Það eru forréttindi að lifa með fötlun*. Hún hefur meðal annars flutt fyrirlestra um það efni við Kennaraháskóla Íslands og tekist, með samblandi af einlægni, leiftrandi kímni og bjartsýni, að töfra áheyrendur og efla þeim skilning og von um framtíð fatlaðra skólanema.

Það er bæði vandasamt að veita stuðning og þiggja hann. Það krefst gagnkvæms skilnings, virðingar og samvinnu þeirra sem veita stuðninginn og hinna sem njóta hans. Þegar best lætur má líkja samvinnunni við flutning á tónverki þar sem saman fer vandað hljóðfæri og góð spilamennska en áheyrendur gleyma sér við að hlusta á sjálfa tónlistina.

Aðstoðarfólk fatlaðra skólanema hefur til þessa lært listina að veita stuðning með því að hella sér út í djúpu laugina og læra af reynslu. Þessum bæklingi er ætlað að bæta þar úr og létta líf aðstoðarfólks fatlaðra nemenda á öllum skólastigum. Hann getur einnig gagnast kennurum og samnemendum fatlaðra nemenda í leik og starfi.

Margrétarsjóður styrkti Freyju til að semja bæklinginn og Námsgagnastofnun sér um útgáfu hans og dreifingu. Þessum aðilum eru færðar þakkir. Þá á Sýlvía Guðmundsdóttir, sérfræðingur Námsgagnastofnunar í sérkennslufræðum, þakkir skildar en hún hefur leiðbeint okkur við verkið og stutt við það með ráðum og dáð. Sigrún Eldjárn myndlistarmaður myndskreytti bæklinginn en undirrituð og Hrafnhildur Ragnarsdóttir sérkennari hafa haft hönd í bagga með samningu hans.

Dóra S. Bjarnason
Kennaraháskóla Íslands



Ég sjálf

Ég er fædd árið 1986 og hef verið búsett í Garðabæ að mestu leyti síðan. Ég er með hreyfihömlunina osteogenesis imperfecta sem lýsir sér í því að beinin brotna auðveldlega og nota ég alfarið hjólastól. Grunnskólagöngu minni lauk árið 2002 en þá hafði ég verið í hverfisskólum mínum og alltaf í almennum bekk með manneskju mér til aðstoðar. Við tók Fjölbrautaskólinn í Garðabæ og útskrifaðist ég af félagsfræðibraut í desember 2005.

Í gegnum skólagöngu mína hef ég öðlast reynslu af samstarfi við stuðningsfulltrúa. Ég hef upplifað stuðningsfulltrúa sem urðu mér til trafala í námi, t.d. vegna vankunnáttu og brenglaðs viðhorfs gagnvart mér sem námsmenneskju. Einnig fékk ég að kynnast stuðningsfulltrúum sem virtust vera fæddir í starf sitt en þeir sinntu því af alúð, virðingu og reisn. Þá gleymdi ég því oft að ég lifði með fötlun. Ég var einnig svo lánsöm að starfa sjálf sem stuðningsfulltrúi á leikskóla í nokkra mánuði eftir útskrift úr framhaldsskóla. Allt í einu var ég komin með tveggja heima sýn. Það var sérstök tilfinning en sýndi mér í betra ljósi hlutskipti og mikilvægi stuðningsfulltrúa – kröfur mínar minnkuðu ekki í garð þeirra.

Veturinn 2006–07 fór ég í framhaldsskóla landsins til að kynna fyrir nemendum og kennurum verkefnið *Það eru forréttindi að lifa með fötlun*. Með jákvæðri nálgun, opinberun og einlægni vil ég sýna hve samfélagið og skortur á rétttri þjónustu getur fatlað manneskju meira en líkaminn og hvað við getum gert saman til þess að ryðja hindrunum umhverfisins úr vegg.

Með þessari handbók langar mig til að víkka vitund stuðningsfulltrúa og sýna fram á þær tilfinningar og upplifanir sem börn og ungmenni með fötlun geta glímt við. Hún er einnig fyrir aðra starfsmenn skóla til að gefa

þeim tækifæri til að kynnast starfi stuðningsfulltrúans og mikilvægi hans. Að lokum er hún verkfæri fyrir fatlaða nemendur og foreldra þeirra til að stuðla að velliðan og árangri í skólastarfi.

Mitt sjónarhorn er að sjálfsgöðu ekki algilt en ég reyni að horfa til allra átta og benda á að hvort sem við búum við hreyfihömlun, þroskahömlun eða geðraskanir eigum við það öll sameiginlegt að vera manneskjur. Orðið *stuðningsfulltrúi* finnst mér í raun rangnefni og gefa til kynna ákveðið vald þess sem starfar við það. Að vera fulltrúi einhvers finnst mér vera hlutverk stjórnanda, manneskju sem talar og framkvæmir fyrir hönd ákveðins aðila eða hóps. Ég vil heldur nota orðið *aðstoðarmaður* því burt séð frá því hvernig þjónustu við þurfum, felur hún í sér aðstoð við amstur hversdagsleikans í sinni viðtækustu mynd. Ég mun þó notast við orðið stuðningsfulltrúi í þetta sinn enda er það viðurkennt starfsheiti þeirra sem þessi handbók varðar. Góður stuðningsfulltrúi er bráðnauðsynlegur fötluðum nemanda og getur stuðlað að bættum námsmögu­leikum, fleiri tækifærum, betri líðan og öruggari einstaklingi í mikilvægri göngu skólaáranna. Uppbyggjandi skólaganga er einstaklingum með fötlun sannarlega farmiði út í hið opna samfélag sem virkir þátttakendur í eigin lífi.



Með hjartað á réttum stað

Vilji og áhugi er nauðsynlegur, í raun grundvöllur að velgengi, þegar starfa á með fötluðum einstaklingi. Starf stuðningsfulltrúa felst meðal annars í því að vilja prófa eitthvað nýtt, vera tilbúinn að laga sig að breytilegum aðstæðum, sýna sveigjanleika og skilja hvenær nemandi þarf aðstoð og hvenær ekki. Þá er mikilvægt að bera virðingu fyrir nemandanum, fötlun hans, foreldrum, kennurum og öðrum sem mál hans varða. Hjartað verður að vera á réttum stað.

Á unglingsárnum verður námsefnið flóknara en áður og miklu máli skiptir að stuðningsfulltrúinn hafi áhuga á því. Starf hans felst ávallt í náinni samvinnu við nemandann sem auðvitað er námsmaðurinn. Því er mikilvægt að stuðningsfulltrúi kynni sér vel starf sitt áður en hann byrjar, sé meðvitaður um verksvið sitt, kynni sér fötlun þess eða þeirra sem hann mun vinna með, viti hvernig vinnutíma er háttað og átti sig á hvort hann hafi nægilega menntun og þekkingu til að takast á við starfið.



Ég sat í íslenskutíma, djúpt sokkin í það sem kennarinn var að útskýra. Eftir að hafa fylgst með í nokkra stund leit ég til hliðar á stuðningsfulltrúa minn en þar lá hann fram á borðið, ekki í fyrsta skiptið, hættur að glósa, sofnaður. VÁ! Hversu uppörvandi getur stuðningsfulltrúi orðið?



Að nota hjólið

Teymisfundir þar sem fjallað er um málefni einstaklinga með sérþarfir geta verið frábær leið til að halda öllum samskiptagáttum opnum. Teymisfundir sitja t.d. foreldrar, kennarar, stuðningsfulltrúi, námsráðgjafi, sjúkra-, þroska- og iðjuþjálfari og læknir. Þeir eru vettvangur til að deila þekkingu og sjónarhornum, ræða mál líðandi stundar og síðast en ekki síst að finna lausnir, nemandanum í hag, á þeim vandamálum sem upp kunna að koma. Nemandinn sjálfur ætti að vera á þessum fundum ef hann hefur áhuga á því.

Þegar barn með fötlun fer t.d. úr leikskóla yfir í grunnskóla er mikils um vert að aðilar af báðum skólastigum hittist. Þeir sem hafa sinnt barninu og unnið að málum þess í leikskólanum geta frætt starfsfólk og nemendur grunnskólans um það sem þeir hafa verið að gera og um stöðu barnsins í daglegu lífi og starfi. Með beinum samskiptum þessara aðila má koma í veg fyrir að stöðugt þurfi að finna upp hjólið í stað þess að læra að nota það. Bilið á milli skólastiganna er brúað og komið í veg fyrir að óþarfa tími fari í að leita sífellt svara við spurningum sem oft er búið finna svör við áður.

Samskipti

Bæði kennari og stuðningsfulltrúi bera ábyrgð á að gæta hagsmuna nemandans. Til að nemandi með fötlun nái sem bestum árangri í námi þurfa þessir aðilar að hafa mikil samskipti. Mikilvægt er að stuðningsfulltrúi sitji samstarfsfundi í skólanum svo sem allra minnst fari fram hjá honum í skólastarfinu. Hann þarf að vita hvaða námsefni er í vændum, ásamt því að vera í samvinnu við kennarann um það hvernig best sé að útfæra kennsluna svo nemandinn geti tekið sem virkastan þátt í náminu og fái sem mest út úr því.

Ef kennari og stuðningsfulltrúi virða ekki sjónarmið og hugmyndir hvors annars er takmarkaður tilgangur með starfi stuðningsfulltrúans. Hann fær þá ekki frelsi eða möguleika til að aðstoða nemandann á réttan hátt sem óhjákvæmilega kemur niður á árangri hans.



Einn stuðningsfulltrúi minn úr skóla sagði mér að meginforsenda þess hve fá vandamál komu upp í skólanum hafi verið að kennarinn var ævinlega tilbúinn að leyfa stuðningsfulltrúanum að fylgjast með öllu skipulagi svo hægt væri að gera námið sem aðgengilegast fyrir mig.



Næstbestu sérfræðingarnir

Börn eru það dýrmætasta sem foreldrar eiga. Líka börn með sérþarfir. Það er yfirlétt hjartans mál foreldra að vel sé að öllu staðið og að börnum þeirra líði vel. Foreldrar eru næstbestu sérfræðingarnir í þörfum barna sinna á eftir börnunum sjálfum. Því er bráðnaúðsynlegt að hlusta á það sem þeir hafa að segja.

Það er foreldrum mikils virði að heyra hvernig dagur barns þeirra var, hvað var gert í skólanum, hvernig barnið stóð sig og hvernig því leið. Oft eru notaðar svokallaðar samskiptabækur þar sem stuðningsfulltrúar eða kennarar skrifa hvað hefur drifið á dag nemandans. Bókin fer svo heim með honum og foreldrar gera hið sama að kvöldi. Á þennan hátt komast allar nauðsynlegar upplýsingar til skila.

Samskiptabókin er ekki vandamálabók. Hún er verkfæri sem kemur til skila því sem gerist í skólanum og því jákvæða sem nemandinn hefur áorkað. Hún á ekki að hliðra til sannleikanum heldur á hún að virka hvetjandi bæði fyrir nemanda og foreldra. Ef upp kemur vandamál af einhverju tagi er æskilegt að það sé rætt við foreldra augliti til auglitis, ekki skrifað í bókina. Barnið á ekki að hafa heim með sér bók sem segir frá því sem það gat ekki, hvað það hegðaði sér illa eða hvað það var ómögulegt. Æskilegt er að forðast að skrifa óþarfa upplýsingar, barn með sérþarfir á rétt á einkalífi.

Samskipti stuðningsfulltrúa við foreldra ráðast að sjálfsögðu af aldri og fötlun nemandans. Nemandi á unglingsaldri sem getur tjáð sig munnlega og glímir jafnvel aðeins við hreyfihömlun eða langvarandi líkamlegan sjúkdóm á auðvelt með að segja sjálfur frá og tjá skoðanir sínar og tilfinningar. Barn með þroskahömlun þarf oft mikla hjálp til þess og einnig einstaklingur sem getur litið tjáð sig.


Nemandinn er besti leiðbeinandinn

Þegar fólk tekst á við nýtt verkefni óskar það þess oft heitt að leiðbeiningar fylgi. Það fyrsta sem stuðningsfulltrúi gæti haft tilhneigingu til að gera er að viðá að sér upplýsingum um nemandann í gegnum bækur, skýrslur, greinargerðir og námskrár. Án efa hjálpar það mikið en gerir fólk ekki alviturt. Hver nemandi er einstakur og hefur sínar sérþarfir, sitt lundarfar o.s.frv. Til að ná árangri í starfi þarf stuðningsfulltrúinn fyrst og fremst að kynnast nemandanum sjálfum. Stuðningsfulltrúi og nemandi þurfa að læra hvor á annan. Þegar öllu er á botninn hvolft er nemandinn besti leiðbeinandinn ef honum er gefið tækifæri og tími.

Stuðningsfulltrúi mun líklega alltaf ræða um velferð, nám og þjálfun nemandans við foreldra, kennara og aðra fagaðila. Oftast má finna árangursríkar og góðar leiðir þótt einnig sé hægt að ganga á hvern vegginn á fætur öðrum. Þá þarf að sýna þrautseigju og klífa veggina í stað þess að ganga á þá aftur og aftur. Það eru til margar leiðir að sama áfangastaðnum og nemandinn mun alltaf, á einhvern hátt, láta stuðningsfulltrúann vita þegar hann er kominn á rétta braut. Nemandinn veit það best sjálfur.



Eftir að hafa næstum borðað einstaklingsnámskrána, sjúkrasöguna og allar skýrslurnar þegar ég hóf störf sem stuðningsfulltrúi, hélt ég að ég vissi allt. Ég var þó ekki lengi að átta mig á hversu lítið ég vissi – ég gleymdi að kynnast barninu á bak við sérþarfirnar.



Að vera talsmaður

Yngstu skólabörnin hafa sjaldnast þroska til að átta sig á hvort réttindum þeirra er framfylgt. Hið sama má segja um nemendur með geðfatlanir og þroskafrávik, þeir eiga oft erfitt með að átta sig á umhverfinu og því viðhorfi sem fólk hefur til þeirra. Réttindi nemenda með sérþarfir hafa oft ekki verið kynnt fyrir þeim svo að þeir vita ekki hvort verið er að brjóta á þeim eða fylgja réttindunum eftir. Sumar fatlanir valda miklum tjáningarerfiðleikum eins og áður hefur verið bent á. Rödd nemenda heyrst oft ekki og fáir gefa sér tíma til að hlusta á tjáningarleiðir þeirra. Fyrir kemur að menn misnoti aðstæður nemenda í þeirri aðstöðu og bregðist ekki við óþægilegum hlutum fyrir hönd fatlaða nemandans í þeirri trú að hann geti hvort eð er ekki sagt frá.

Hlutverk stuðningsfulltrúa er meðal annars að vera talsmaður nemandans með tjáningarerfiðleika og láta í sér heyra um réttindi hans og stöðu. Kennarar, skólastjórnendur og aðrir starfsmenn átta sig ef til vill ekki á öllu sem viðkemur þörfum fatlaðra nemenda og því mikils um vert að upplýsa þá. Auðvitað er það verkefni foreldra að gæta hagsmuna barna sinna. En foreldrar barns með sérþarfir eiga að vera öruggir á meðan barn þeirra er í skólanum. Stuðningsfulltrúinn þarf því að hafa augun opin fyrir mannréttindum, frelsi og lífsgæðum þess innan veggja skólans. Þá er ekki átt við að hann einn eigi að sjá um þessa þætti, heldur á hann að fá sem flesta í lið með sér. Starfsfólki skólans ber í sameiningu að tryggja að málefnalega sé unnið að því að gæta réttinda og hagsmuna nemandans.



Þátttaka í daglegu lífi

Stuðningsfulltrúar og sérkennarar hafa tilhneigingu til að taka nemendur með sérþarfir út úr sínu daglega umhverfi, frá öðrum börnum og kenna þeim einstaklingslega á rólegu svæði. Stundum er þetta bráðnauðsynlegt, einkum ef nemandi á erfitt með að læra í klið og asa. Ef ekki er þörf á slíku er neikvætt að grípa þetta „þægilega ráð“. Oftast er hægt að örva nemandann með öðrum börnum. Ófatlaðir nemendur geta veitt nýjum nemanda með fötlun athygli í fyrstu, horft og spurt ýmissa spurninga en eftir því sem dagarnir líða venjast þeir aðstæðunum og fatlaði nemandinn verður hluti af hópnum. Nemanda með sérþarfir getur einnig fundist niðurlægjandi eða leiðinlegt að vera „tekinn út“ úr hópnum. Við það geta blossað upp neikvæðar tilfinningar og jafnvel óæskileg hegðun í skólanum.

Eins og gefur að skilja er mikil áhersla lögð á að nemandi með fötlun verði sem sjálfstæðastur í námi og fylgi jafnöldrum sínum. Þetta er auðvitað mikilvægt. Í því ferli vill hins vegar oft gleymast að örva félags-

og tilfinningaþroskann og hæfileikann til að eignast vini. Þegar of mikil áhersla er lögð á náms- og verklegu hliðina er nemandinn stöðugt með stuðningsfulltrúa yfir sér, það getur leitt til þess að hann einangrist félagslega og hár veggur hlaðist upp milli hans og bekkjarfélaganna. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að stuðningsfulltrúi staldri við, leyfi nemandanum að blómstra í eigin umhverfi og hvetji hann til að tengjast öðrum nemendum á jákvæðan hátt. Hvernig sem við erum höfum við öll þörf fyrir vináttu.



Ég kom eitt sinn á leikskóla þar sem mörg börn voru að leik í stóru rými. Drengur með mikla hreyfihömlun lá á dýnu á gólfinu. Sjúkraþjálfari sat hjá honum og var að þjálfva hann, í hans umhverfi, með hans vinum, í sameiginlegum leik. Það var fallegt að sjá hvernig fötlunin hvarf og hann naut sín á eigin forsendum innan um jafnaldrana. Ekkert þótti eðlilegra.



Stuðningsfulltrúi er ekki kennari

Svo virðist sem stuðningsfulltrúar séu oft fengnir til að sinna ýmsum verkefnum eins og afleysingum fyrir kennara. Einnig að ljósrita og plasta fyrir þá í stað þess að sinna nemandanum með sérþarfirnar. Það er óviðunandi að taka starfsmann frá nemanda sem þarf mikla aðstoð til að sinna öðrum nemendum sem eiga rétt á sínum faglærðu kennurum. Þarna er brotið á öllum nemendum. Þegar stuðningsfulltrúar hafa lausan tíma eiga þeir að nýta hann til undirbúnings fyrir sitt starf sem krefst mikillar skipulagningar. Til að geta aðstoðað nemanda við nám hans er nauðsynlegt að stuðningsfulltrúinn þekki námsefni nemandans vel, setji sig inn í það og hafi tíma til að hugleiða hvernig best sé að gera það aðgengilegt fyrir nemandann. Ekki má heldur gleyma því að stuðningsfulltrúi getur í sumum tilvikum þurft að hagræða námsefninu og laga það að sérstökum þörfum nemandans, t.d. að skanna inn bækur, stækka letur o.fl.

Móðurfulltrúar afþakkaðir

Nánast allir nemendur eiga foreldra eða forráðamenn sem sinna foreldrahlutverkinu. Ef stuðningsfulltrúi tekur að sér starfið til þess að fullnægja móðurhvötinni er betra að hann finni sér annað starf eða breyti um viðhorf tafarlaust. **Móðurfulltrúar afþakkaðir!** Ef um er að ræða ungan nemanda ber stuðningsfulltrúi að sjálfsögðu ábyrgð á ýmsu í skólastarfinu svo og á velferð hans innan skólans. Hlutverk stuðningsfulltrúans er þó fyrst og fremst að vera aðstoðar- og samstarfsmaður nemandans.

Stuðningsfulltrúi verður að átta sig á því að nemandi á unglingsárum á að fá tækifæri til að taka sínar ákvarðanir sjálfur af fremsta megni. Unglingur með fötlun á rétt á sama frelsi og ófatlaður nemandi við að prófa óskynsamlega hluti eins og að skröpa eða slæpast án þess að stuðningsfulltrúi sé stöðugt með nefið ofan í því. Ef upp kemst að fatlaður nemandi er að brjóta skólareglur er það kennarans að ræða við nemandann eða láta foreldra vita. Það á ekki að vera í verkahring stuðningsfulltrúans.

Ef unglingur á við hegðunarvandamál eða þroskahömlun að stríða þarf að leysa slík mál og er það kennarans og stuðningsfulltrúans að gera það í sameiningu. Þrátt fyrir að nemandinn þurfi aðstoð og handleiðslu við að taka ákvarðanir er nauðsynlegt að hann njóti frelsis. Hann á rétt á að trassa heimavinnu, að upplifa fyrsta kossinn eða annað sem flestir unglingar prófa í lífinu. Stuðningsfulltrúinn þarf að þekkja sín mörk og lita í eigin barm áður en hann gerir veður út af hegðun. Að taka þátt er hluti af því að þroskast.





Gleymast nemendur með sérþarfir?

Þegar kennari fær fatlaðan nemanda í bekk til sín veit hann ekki alltaf hvernig á að bregðast við. Mikilvægt er að hann fái nákvæmar upplýsingar um stöðu nemandans og hvatningu og tíma til að kynnst honum og þörfum hans. Verði misbrestur á þessu getur myndast stífla sem erfitt er að losa, kennarinn staðnar og bíður eftir að aðrir taki í taumana. Á meðan gleymist nemandinn.

Kennari virðist stundum gleyma nemanda þegar hann hefur stuðningsfulltrúa með sér. Því er áriðandi að ljóst sé frá upphafi að stuðningsfulltrúinn er ekki kennari og ábyrgð kennarans er jafnmikil gagnvart fatlaða nemandanum og ófötluðum nemendum. Kennaranum ber að kenna nemanda með fötlun eins og hinum ófötluðu, passa að hann fái þau gögn sem hann þarf á að halda, hrósa, aga og fara yfir verkefni hans eins og annarra. Ávallt skal þó taka tillit til fötlunar og getu hvers einstaklings.

Stuðningsfulltrúi – er það allt og sumt?

Stuðningsfulltrúi. Hvað er það? Jú, manneskja sem styður nemanda í námi sínu, hvernig sem hann er, og kemst með honum að settum markmiðum. En er það allt og sumt? Sumir sjá stuðningsfulltrúastarfið sem vélrænt þeytipíkustarf. Kannski er það svo á vissan hátt en grundvöllur starfsins er samt sem áður aðstoð og samvinna. Af því tilefni tel ég að starfsheitið *stuðningsfulltrúi* sé rangnefni. Í raun ætti starfsheitið að vera *aðstoð-armaður* fatlaðra einstaklinga eins og áður hefur verið vikið að. Stuðningsfulltrúinn er ekki einungis til að gefa að borða, klæða, aðstoða við að fara á salernið eða hjálpa nemandanum að læra. Samskipti eiga sér alltaf stað og samstarfið er undantekningarlaust mikið. Að sjálfsgöðu má þó ekki gleyma að nemandinn á rétt á að vera við stjórnvölinn í eigin lífi og óæski-legt er að gripið sé fram fyrir hendur hans. Því einlægari og persónulegri samskipti, þeim mun betra samstarf og betri árangur.



Eftirminnilegustu og árangursríkustu samskipti mín við stuðningsfulltrúa voru þegar við náðum strax vel saman og gátum sameiginlega haft gaman af flestu, hversu leiðinlegt sem það nú var.



Stuðningsfulltrúi er ekki frímerki

Nemendur með sérþarfir þurfa mismikla aðstoð. Sumir þurfa hana aðeins hluta úr degi, í ákveðnum fögum eða við vissar aðstæður en aðrir allan daginn og við allar athafnir daglegs lífs. Hvort heldur sem er þarf stuðningsfulltrúinn ekki að vera frímerki á nemandanum og getur því verið góð aðstoð fyrir aðra nemendur í bekknum þegar svo ber undir. Nemandi með sérþarfir þarf líka á kennara sínum að halda en það vill oft gleymast. Til að gera bekkjarkennaranum kleift að sinna honum getur verið kjörið að stuðningsfulltrúi sinni bekknum stund og stund.

Að sýna virðingu í verki

Þegar starfað er með nemanda með sérþarfir er mjög mikilvægt að sýna honum og málefnum hans virðingu; klæðnað, hreinlæti og næringu þarf að ræða við nemanda og/eða foreldra. Ef nemandi kys t.d. að hafa buxurnar lausgirtar, rennilásinn upp í háls eða derhúfuna öfuga ber að virða það.

Nemandinn kann að hafa ákveðnar skoðanir á því hvernig námstækni skuli háttað, á skipulagi og ýmsu fleiru. Skilningur er nauðsynlegur á þeim vettvangi. Mikilvægt er að stuðningsfulltrúi spyrji sjálfan sig hvort hann myndi t.d. vilja hafa allt í óreiðu. Líklega vill hann það ekki og hið sama gildir um nemandann. Hann getur hins vegar haft aðrar skoðanir og áherslur en stuðningsfulltrúinn. Nauðsynlegt er að hafa það hugfast.



Það gat pirrað mig mjög mikið að koma heim, tilbúin til að takast á við heimavinnu dagsins og finna ekki neitt. Íslenskuverkefni voru í stærðfræðihólfinu, stærðfræðidæmin í enskuhólfinu, enskuglósur í samfélagsfræðihólfinu og þar fram eftir götunum. Ekki einn einasti maður, fyrir utan stuðningsfulltrúann sem ekki var alltaf til staðar, gat fundið nokkurn skapaðan hlut í slíku óskipulagi.

Að sýna virðingu í verki

Samstarf nemenda og stuðningsfulltrúa

Í gegnum mína skólagöngu hef ég öðlast reynslu af samstarfi við stuðningsfulltrúa. Ég hef upplifað stuðningsfulltrúa sem urðu mér til trafala í námi t.d. vegna vankunnáttu og brenglaðs viðhorfs gagnvart mér sem námsmanneskju. Einnig fékk ég að kynnast stuðningsfulltrúum sem virtust vera fæddir í starf sitt en þeir sinntu því af alúð, virðingu og reisu. Þá gleymdi ég því oft að ég lifði með fötlun.

Freyja Haraldsdóttir

Aðstoðarfólk fatlaðra skólanema hefur til þessa lært listina að veita stuðning með því að hella sér út í djúpu laugina og læra af reynslu. Þessum bæklingi er ætlað að bæta þar úr og létta líf aðstoðarfólks fatlaðra nemenda á öllum skólastigum. Hann getur einnig gagnast kennurum og samnemendum fatlaðra nemenda í leik og starfi.

Dóra S. Bjarnason



2007

NÁMSGAGNASTOFNUN